38. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um kennslubók í sögu handa hinum lærða skóla í Reykjavík. 1863. 30. maím.

Með brèfi 25. febrúarm. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað tvær bænarskrár, aðra frá Páli Melsted, settum málaflutningsmanni við landsyfirrèttinn, um að íslenzk þýðing á kennslubók Bohrs í mannkynssögunni, sem hann hefir byrjað á, verði útgefin á kostnað hins lærða skóla í Reykjavík og síðan notuð við sögukennsluna í skólanum í staðinn fyrir bók þessa á frummálinu, og að sèr verði veitt hæfileg borgun fyrir starfa sinn, — hina frá Jens Sigurðssyni, yfirkennara við skólann, um að honum verði veittir 200 ríkisdalir í ritlaun fyrir frumritaða kennslubók í gömlu sögunni handa skólanum, sem hann er farinn að semja og styðst við áðurgreinda kennslubók Bohrs.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið ekki getur tekið til greina bænarskrá Melsteds, sem að ofan er getið, en þegar handritið til hinnar nýju kennslubókar, sem Jens Sigurðsson yfirkennari hefir byrjað á, sè fullbúið, þá megi hann gjöra sèr von um, að honum verði veittur hæfilegur fèstyrkur, ef skólameistarinn, ásamt tveim öðrum mönnum, er skyn bera á, og sem yður skal á hendur falið að kveðja til þess, álíta að handritið sè svo úr garði gjört, að bókin geti náð tilgangi sínum; en þèr eruð beðnir um að stinga uppá, þegar þar að kemur, hve mikill styrkur þessi eigi að vera.

---

39. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Havsteins amtmanns[1], um undanfærslu manns að taka við bæjarfulltrúakosning á Akureyri. 30. maím.

Kjörstjórnin, er stýrði hinni almennu bæjarfulltrúakosning á Akureyri, hefir í meðfylgjandi brèfi með fylgiskjali leitað úr-

[1]) Havstein amtmaður var þá staddur í Kaupmannahöfn.

1863. 30. maím. skurðar um, hvort E. Möller, verzlunarmaður þar í kaupstaðnum, hafi eptir reglugjörð 29. ágústm. 1862 3. grein rètt til að skorast undan að taka móti kosning, er hann varð fyrir, til bæjarfulltrúa á Akureyri. Með því hinn setti amtmaður í norður- og austurumdæminu var sjálfur í kjörstjórninni, og fyrir þá sök eigi gat leyst úr spurning þessari, hefir hann í brèfi 18. f. m., er hèr með fylgir, skotið málefni þessu til úrskurðar dómsmálastjórnarinnar.

En þareð það er hlutaðeigandi amtmaður, sem eptir ákvörðuninni í 10. grein reglugjörðarinnar á að skera úr um málefni þetta, þá sendir stjórnarráðið yður, herra amtmaður, skjöl málsins, til þess þèr leggið úrskurð á það.

---

8. júním. **40. Konungleg Auglýsing til Alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1861.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., sendum Voru trúa alþingi á Voru landi Íslandi kveðju Guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1861, höfum Vèr sèð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitazt við að efla Vort gagn og hag landsins.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur Vors trúa alþingis um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess árið 1861, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vèr nú skýra hèr í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir verið af ráðið.

I.

Um þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþingi.

Þessar rèttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vèr höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúa alþingis:

1. Reglugjörð 29. ágústm. 1862 um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar.

2. Opið brèf s. d., er lögleiðir á Íslandi lög 21. janúarmánaðar 1857 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum.